

**Alþingi**  
**Nefndasvið**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 REYKJAVÍK**

**Umsögn Sýslumannsins í Vestmannaeyjum um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði (heildarlög).**

**738. mál.**

Undirritaður hefur mótttekið tölvubréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 27. júní 2012 þar sem óskað er eftir umsögn hans um frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu í héraði.

Undirritaður sendir yður svohljóðandi:

**a t h u g a s e m d i r**

Undirritaður **gerir alvarlegar athugasemdir** við þá grunnhugmynd frumvarpsins að fækka sýslumönnum úr 24 í átt á landinu öllu og telur að með því sé gengið allt of nærri þjónustu ríkisins í byggðum landsins

Þessi fækkun sýslumanna, sem komi í kjölfar fækkunar á lögreglustjórum úr 15 í 8 sé til þess fallin að draga úr nálægð stjórnunar frá byggðum víða um land.

Undirritaður telur að til sé **mun einfaldari og hagkvæmari leið** til þess að spara í þessu kerfi, en hér hefur verið valin, þ.e. að nýta starfskrafta sýslumanna til að sinna bæði lögreglustjórn og sýslumannsstörfum í dreifaðari byggðum landsins.

Þannig telur undirritaður að með frumvarpinu sé verið að **veikja mjög stjórnarsýsluna út á landsbyggðinni** og á stundum að **lengja mjög í vegalengdum** fyrir íbúa til þess að sækja sér **sérfræðiþjónustu ríkisins**.

**Byggðarleg áhrif** af þessum fyrirhuguðu breytingnum yrðu margháttað og öll í þá átt að **minnka vægi minni byggða**, lengja í ákvörðunum stjórnarsýslunnar á landsbyggðinni, fækka sérfræðistörfum úti á landi og veikja mörg embætti úti á landi algjörlega að ástæðulausu.

Það er að mati undirritaðs furðulegt að um leið og stjórnarsýsla ríkisins sé stóraukin á höfuðborgarsvæðinu, þá sé hún sífelld minnkuð úti á landi og þá sérstaklega í fjarlægum byggðum og fámennari. Með sama áframhaldi verður brátt svo komið að einungis verkafólk búi og starfi úti í byggðum landsins, en vel menntaðar og hálaunaðar stéttir búi á stórhöfuðborgarsvæðinu. Þetta fari þvert gegn áætlunum allra ríkistjórna sem setið hafa síðustu áratugi í landinu, að halda öllu landinu í byggð og stuðla að jöfnuði fólks, sama hvar það býr á landinu.

Undirritaður telur að nauðsynlegum sparnaði megi ná auðveldlega með því að nýta sýslumannsembættin úti á landi þannig að þeir sinni bæði sýslumannsstörfum sínum auk lögreglustjórnar, hér er greinilega verið að herða sífelld á aukinni **yfirbyggingu** og **miðstýringu**.

Ég vil benda nefndinni á umsögn mína við breytingu á lögreglulögunum sem náskýlt er þessu máli einnig.

Þá vildi ég gjarnan hitta nefndina á fundi til að útlista sjónarmið mín og svara spurningum nefndarmanna áður en málið yrði afgreitt úr henni.

Frekari rökstuðningur fyrir ofangreindu:

**Þjónusta sýslumanna er mikilvæg.**

Þjónusta sýslumanna utan Reykjavíkur er afar mikilvægur þáttur í stjórnsýslunni og þeir gegna mikilvægu hlutverki víða um land, hlutverki sem hefur þróast í aldanna rás. Hlutverk þeirra á auðvitað að vera í sífelldri framþróun og ný verkefni koma með nýjum tímum. Allt of mikið hefur verið gert af því að búa út nýjar stofnanir fyrir þau nýju verkefni sem upp hafa komið á undanförunum áratugum, sem sýslumannsembættin hafa auðveldlega geta tekið að sér. Með þessu hefur miðstýring verið augin og þetta hefur aukið á fólksfjölgun á Reykjavíkursvæðinu því þessum stofnunum hefur langoftast verið fundið staður þar.

Að mati undirritaðs er hér enn eitt spor stigið í þessa átt og það án þess að möguleikar sé fyllilega skoðaðir. Afl miðstýringaraflanna er gífurlegt og straumþunginn mikill, en hver vill sjá Ísland sem **borgríki** ?

Oft þurfi þeir sem sækja þjónustu til sýslumannsembættanna að hitta sýslumanninn til þess að fá greið svör, en slíkt yrði þá eftir þessa breytingu einungis lúxus fjölmennari byggðarlaga og þá helst þeirra sem eru í Reykjavík eða næsta nágrenni.

Einnig bendir undirritaður á að ekki er búið að gera neina tilraun til þess að **kostnaðarreikna** frumvarpið, eins og umsögn fjárlagaskrifstofunnar sem fylgir frumvarpinu ber með sér, heldur virðist hér einungis vera í kaupunum að hugsanlegur sparnaður komi einungis niður á þjónustunni, og þá aðallega úti á landi.

**Ég legg því til** að frumvarpinu verði hafnað og unnið að heildarendurskoðun á lögreglustjóra- og sýslumannsembættunum, þar sem það verði haft að leiðarljósi að ná fram hagræðingu með sameiningu embætta, en jafnframt að starfskraftar starfsmanna og stjórnenda verði nýttir til þess ítrasta til þess að gera þjónustu lögreglunnar og sýslumannsembættana í landinu betri og skilvirkari fyrir íbúa þess.

Vestmannaeyjum, 2. ágúst 2012  
Virðingarfyllst,

---

Karl Gauti Hjaltason  
Lögreglustjóri og sýslumaður í Vestmannaeyjum